

Rammaskipulag Vífilssaðalands

Mörk Útivistarskógar í Smalaholti og golfvallar GKG.

Minnisblað 03.04.2020

Unnið af Landslag ehf (Þráinn Hauksson landslagsarkitekt)




Eitt af viðfangsefnum rammaskipulags fyrir Vífilssaðaland hefur verið að skilgreina mörk á milli golfvallar með breyttu fyrirkomulagi og útivistarskógar Skógræktarfélags Garðabæjar í Smalaholti. Vegna landnýtingaráforma í Vetrarmýri meðfram Reykjanesbraut skv. aðalskipulagi Garðabæjar og forsögn rammaskipulags lá það alltaf fyrir að golfvöllurinn þyrfti að hliðrast upp í Smalaholt og í átt að Vífilssaðavatni.

Á forstigi skipulagsvinnunar var haft samráð við fulltrúa skógræktarfélagsins og golfklúbbsins saman og í sitt hvoru lagi. Fulltrúar skógræktarfélagsins fengu loftmynd til að merkja inn á sín áherslusvæði og

ráðgjafi Garðabæjar við golfvallarskipulag og -hönnun mótaði á vinnslutíma skipulagsins mismunandi tillögur að mögulegu fyrirkomulagi golfvallarins.

Skógræktarfélagið hefur lýst yfir óánægju með skerðingu skógræktarsvæðisins en merkti þó inn þau svæði sem þeim finnst mikilvægast að hlífa. Þar er um að ræða spildur félagasamtaka og grunnskólanna í Garðabæ, en þessar spildur eru aðallega ofan við Hnoðraholtsslínu / línuveg. Einnig er félaginu mjög umhugað um trjásýnistíg rétt vestan við línuveginn ásamt áningarstað með útigrilli við skjógarrrjóður við norðurenda hans. Trjásýnistígurinn er mjór malarstígur þar sem valin tré og runnar við stíginn eru merkt.



Um útivistarskóginn í Smalaholti (tekið af heimasíðu Skógræktarfélags Garðabæjar)



Áherslusvæði Skógræktarfélags Garðabæjar og upplýsingar um gróður teiknað á loftmynd

Á forvinnslustigi skipulagsvinnunnar var miðað við að golfvallarmörk væri í línuveginum. Við forkynningu tillögu að rammaskipulagi og í kjölfar hennar kom fram eindregin óánægja Skógræktarfélagsins með þessa afmörkun.

Við lokavinnslu rammaskipulagstillögu var dregin lína í u.þ.b. 15-20 metra fjarlægð frá trjásýnistígnum. Golfvallarhönnuður tók þá afmörkun til skoðunar og sýndi fram á að hægt væri að koma að leysa golfvöll innan þessara breyttu marka.

Í minnisblaði þessu er áhersla lögð á að greina þann trjágróður sem fellur inn fyrir mörk golfvallar, þ.e. hvert umfang trjágróðurs er á þessu svæði, tegundasamsetning, aldur, stærð. Að lokum er lagt mat á möguleika á að nýta trjágróður sem hluta af golfvallarfyrirkomulagi og hvaða möguleikar eru á að flytja plöntur til innan svæðis eða út fyrir það.



Trjásýnistígur í Smalaholti rétt vestan við Hnoðraholtslínu



Áningarstaður með útigrilli við skógrarjóður við Hnoðraholtslínu



Horft yfir Hnoðraholtslínu og línuveg rétt vestan hennar.
Skógræktarspildur félagasamtaka og skóla vinstra megin við línuna. Trjásýnistígur hægra megin við línu.
Áningarstaður með útigrilli er við bílastæði undir línunni fyrir miðri mynd.



Horft yfir svæðið til norðvesturs. Hnoðraholtslína og línuvegur hægra megin í myndinni. Trjásýnistígur hlykkjast frá bílastæði neðst til hægri í myndinni að áningarstað með útigrilli til norðvesturs.

Þegar rýnt er í loftmyndir af svæðinu með 5 ára millibili frá árinu 1996-2019 sést vel að framundir aldamót var umrætt svæði gróðursnauður melur og holt líkt er nú efst á Smalaholti.

Skógrækt hefur hafist um aldamótin 2000 og má segja að þarna sé yngsti og minnst vaxni skógurinn í Smalaholti. Samkvæmt lofmyndagreiningu var trjásýnistígurinn gerður árið 2012.


Hér verður gerð frekari grein fyrir umfangi trjágróðurs, tegundasamsetningu stærð og lagt mat á hvað af gróðrinum getur nýst innan svæðis eða í nærumhverfinu svo sem við Elliðavatnsveg í breyttri legu.




1996




2000




2005



2010



2015




2019



Uppteikning af gróðri sem sést vel á loftmynd 2019. Bláu, rauðu og hvítu línurnar eru vangaveltur um mögulega afmörkun golfvallar.



Tillaga að afmörkun golfvallar með gulri línu sem sýnir líka trjáskyntígg með ljósblárrí línu.



Mögulegt uppröðun golfbrauta miðað við að hlífa trjásynistíg, áningarstað og umfangsmesta gróðurlundinum á norðvesturhluta skógræktarsvæðisins. Tillaga að rammaskipulagi Vífilsstaðalands tekur mið af þessum mörkum.

Í deiliskipulagi verður unnin frekari greining á trjágróðri innan golfvallarmarka, m.t.t. þess að láta sem mest af honum halda sér og að flytja plöntur sem mest innan svæðis eða þar sem þær koma að bestu notum í nærumhverfinu.